



## Umsókn um ábyrgð vegna sérstakrar skráningar á VSK skrá

Númer ábyrgðarskjals  
GI

## Umsækjandi

Nafn		Kennitala
Heimilisfang, póstnúmer og staður	Netfang	Símanúmer
Nafn tengiliðs (ef umsækjandi er lögaðili)	Netfang	Símanúmer

## Ábyrgðarþegi

Nafn
Skatturinn, kt. 540269-6029

- Umsókn um nýja ábyrgð
- Umsókn um breytingu á ábyrgð

Fjárhæð ábyrgðar	Grunnvísitala byggingarvísitölu	Viðmið grunnvísitölu (mánuður og ár)
Staðsetning byggingaframkvæmda (heimilisfang, póstnúmer og staður)		Fasteignanúmer
Annað sem umsækjandi vill taka fram		

## Skuldfærslureikningur

Banki – Hb – Reikningsnúmer	Umsækjanda ber að greiða gjöld vegna ábyrgðarinnar, þ.m.t. þóknun, umsýslugjald og annan kostnað, samkvæmt verðskrá Landsbankans hverju sinni. Með undirritun sinni heimilar umsækjandi Landsbankanum að skuldfæra gjöldin af skuldfærslureikningi sínum.
-----------------------------	---

- Í tilefni af umsókn um sérstaka skráningu á virðisaukaskattskrá vegna byggingaframkvæmda við ofangreinda fasteign, óskar umsækjandi hér með eftir því að Landsbankinn hf., kt. 471008-0280, takist á hendur ábyrgð á endurgreiðslu virðisaukaskatts skv. 1. kafla reglugerðar nr. 577/1989 með síðari breytingum sbr. lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, frá byrjunardagsetningu sérstakrar skráningar.
- Ábyrgðin skal vera til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á framangreindum virðisaukaskatti, þ.e. út- og innskatti auk verðbóta, álags, áfallandi dráttarvaxta, innheimtukostnaðar og alls annars kostnaðar, sem ríkissjóður kann að hafa af kröfunni.
- Skilyrði fyrir niðurfellingu ábyrgðarinnar eru:
  - Umsækjandi selur framangreinda fasteign virðisaukaskattskyldum aðilum og uppfyllir í því sambandi ákvæði 2. mgr. 1. gr. rg. nr. 577/1989 með síðari breytingum eða
  - Umsækjandi fær heimild til frjálstrar skráningar á virðisaukaskattskrá vegna ofangreindrar fasteignar, samkvæmt ákvæðum II. kafla sömu reglugerðar.
  - Umsækjandi tekur fasteignina undir eigin virðisaukaskattskyldan rekstur.
- Ábyrgðin fellur þó aldrei niður nema með skriflegri heimild frá Skattinum.
- Umsækjanda ber að greiða gjöld vegna ábyrgðarinnar, þ.m.t. þóknun, umsýslugjald og annan kostnað, samkvæmt verðskrá Landsbankans hverju sinni. Umsækjandi veitir Landsbankanum heimild til þess að skuldfæra gjöldin af skuldfærslureikningi sem er tilgreindur hér að ofan.
- Komi til greiðslu Landsbankans á grundvelli ábyrgðarinnar öðlast bankinn endurkröfurétt á hendur umsækjanda. Greiði umsækjandi ekki kröfu bankans reiknast dráttarvextir samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af endurkröfufjárhæðinni frá greiðsludegi bankans. Um kostnað af frum- og milliinnheimtu fer skv. verðskrá Landsbankans á hverjum tíma eða gjaldskrá frá ytri innheimtuaðila sem Landsbankinn hefur falið innheimtu vanskila. Um gjald fyrir löginnheimtu fer eftir gjaldskrá löginnheimtuaðila.
- Til staðfestingar ofangreindu er skjal þetta undirritað með eiginhandarundirskrift. Ef skjalið er undirritað með rafrænum hætti skal það undirritað með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Staður og dagsetning

Undirritun